Reykjavík

Félagmiðstöðin 100og1

Starfsáætlun 2026-2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:
Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Efnisyfirlit:

Inngangur 3
Innra mat 2025-2026 3
Umbótaáætlun 2026-2027 4
Þróunarverkefni og áherslur starfsársins 6
Helstu dagsetningar 7
- Ágúst 7
- September 7
- Október 7
- Nóvember 7
- Desember 7
- Janúar 7
- Febrúar 7
- Mars 7
- Apríl 8
- Maí 8
- Júní 8
- Júlí 8

Inngangur

Í þessari starfsáætlun er fjallað um innra mat 100og1 auk þess sem tilgreindir eru viðburðir og dagsetningar í hverjum mánuði sem skiptir máli í starfinu.

Markmið með innra mati er að efla árangur og gæði frístundastarfs. Metið er út frá útgefnum Viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs Reykjavíkurborgar þar sem vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun. Niðurstöður viðhorfskannana eru ávallt rýndar í innra mati.

Innra mat 2025-2026

Styrkleikar og tækifæri eru byggð á niðurstöðum úr innra mati síðasta árs og unnin út frá matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats.

Styrkleikar (vísbendingar sem fá A)

- Skipulega er unnið með lýðræði í starfi með börnum og unglingum og þau hvött til að koma með eigin hugmyndir að dagskrá. Þau fá tækifæri og stuðning til að hrinda eigin hugmyndum í framkvæmd.
- Félagsmiðstöðin vetir viðeigandi fræðslu til nýrra starsfmanna, hvetur til símenntunar og skapar aðstæður til starfsþróunar.
- Forstöðumaður virkjar starfsfólk, börn, unglinga og aðra hagsmunaaðila við mótun þjónustunnar.
- Forstöðumaður/stjórnendateymi hvetur starfsfólk markvisst til að nýta styrkleika sína, hæfileika og sérþekkingu í starfi.
- Við ráðningu nýrra starfsmanna er hugað að fjölbreytileika í starfsmannahópnum.
- Starfið og dagskráin er kynnt börnum, unglingum, foreldrum og starfsfólki (s.s. með tölvupósti, á samfélagsmiðlum og/eða kynningarfundum).

Tækifæri (vísbendingar sem fá C eða D)

- Lýðræðislega er valið í félagsmiðstöðvaráð og önnur ábyrgðarhlutverk.
- Markvisst er leitað eftir skoðunum þeirra sem eiga erfitt með að koma skoðunum sínum á framfæri, s.s. vegna fötlunar, tungumáls, félagslegrar aðstöðu eða veikinda.
- Forstöðumaður hittir skólastjórnendur reglulega til samráðs vegna sameiginlegra málefna.

Umbótaáætlun 2026-2027

Heiti aðgerðar:	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Leita eftir skoðunum þeirra sem eiga erfitt með að koma skoðunum sínum á framfæri, s.s. vegna fötlunar, tungumáls, félagslegrar aðstöðu eða veikinda.
Tækifæri til umbóta.	Áfram verður haldið með að virkja ungmennin í starfinu með því að bjóða þeim tækifæri á því að hafa áhrif á starfið, dagskrána, umhverfið og hópastörf. Hægt er að auka samstarf við skólann.
Aðgerðir til umbóta.	Fara í aukið samstarf við kennara með það að markmiði að öll ungmenni hafi rödd og fái að taka pláss innan félagsmiðstöðvarinnar. Samstarf er nú þegar gott við námsráðgjafa sem vinnur með félagsmiðstöðinni í að gefa öllum börnum rými og rödd og stefnt er að því að halda því áfram.
Ábyrgð	Stjórnendur félagsmiðstöðvarinnar. Skrifstofa Spennistöðvarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Byrjun skólaárs - Lok skólaárs
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Haldið er utanum fundi með námsráðgjafa og hversu oft er fundað, ásamt því að haldið er utanum hversu miklu er komið í verk.
Viðmið um árangur.	Markvisst er verið að leita eftir skoðunum barna í gegnum meðal annars nemendaráðin og leitað er eftir upplifun starfsfólks á samtölum á gólfinu. Viðmið um árangur verður metið útfrá áhrifum barnanna til dæmis á dagskrá starfsins, þá er miðað við að dagskráin sé 70% ákvörðuð af börnunum.

Heiti aðgerðar:	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Starfshættir og viðfangsefni
Tækifæri til umbóta.	Starfsemi og opnunartími tekur mið af ólíkum þörfum einstaklinga og hópa. Í starfinu er boðið upp á opið starf og hópastarf.

Aðgerðir til umbóta.	Börnin skiptast í hópa eftir þjóðernum og eru því kannski ekki öll að njóta samveru hvers annars til fulls. Mætti bæta hópastörf. Mætti bæta ábyrgð barnanna á viðburðum. Dagskrá mætti taka meiri mið af trúarlegum og menningarlegum fjölbreytileika barnanna sem sækja starfið.
Ábyrgð	Allir starfsmenn 100og1
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Nóvember '26 – maí '27
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Á vikulegum fundum 100% starfsfólks 100og1, spurja krakkana reglulega.
Viðmið um árangur.	Hópastarf er blandað milli mismunandi menningarheima og þannig blandast hópurinn betur. Ef hópastarf er komið í góðan farveg hjá starfsfólki. Ef börnin taka ábyrgð á viðburðum, skipulagningu og framkvæmd. Að dagskrá taki á sig fjölbreyttari mynd út frá mismunandi menningarheimum.

Heiti aðgerðar:	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Faglegt starf
Tækifæri til umbóta.	Forstöðumaður hittir skólastjórnendur reglulega til samráðs vegna sameiginlegra málefna.
Aðgerðir til umbóta.	Einbeita okkur að öðrum stjórnendum skólans, einsog deildarstjóra stoðþjónustu og námsráðgjafa.
Ábyrgð	Forstöðukona
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Byrjun skólaárs til lok skólaárs
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Vikulegir fundir starfsmanna skrifstofunnar og vikulegir fundir með námsráðgjafa
Viðmið um árangur.	Ef vikulegir fundir haldi sér og forstöðukona fær boð á lausnateymisfundi og móttökufundi

Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 og Almennum aðgerðum menntastefnu Reykjavíkur 2025-2027.

Heilsueflandi styrkur. Lögð verður aukinn áhersla á að efla og þróa útivistarstarf með það að markmiði að stuðla að aukinni hreyfingu, félagsfærni og auknum áhuga á útivist. Með heilsueflandi styrknum verður útiklúbbur settur aftur af stað sem er hópastarf þar sem unnið er að því að skapa fjölbreytt tækifæri til útivistar og vekja áhuga barna og unglinga á útiveru. Jafnframt verður lögð áhersla að færa faglegt starf félagsmiðstöðvarinnar að auknu mæli út fyrir veggi Spennistöðvarinnar og nýta nærumhverfið sem vettvang fyrir fjölbreytt félagsmiðstöðvarstarf.

Listastyrkur. Með úthlutuðum listastyrk verður unnið að því að efla listsköpun og listræna starfsemi í miðbænum og skapa fleiri tækifæri fyrir börn og unglinga í hverfinu til að taka þátt í fjölbreyttu listastarfi. Skapandi verkefni verða fléttuð inn í dagskrá og hópastarf félagsmiðstöðvarinnar til að stuðla að listrænni tjáningu, frumkvæði og skapandi hugsun meðal barna og unglinga. Jafnframt verður unnið að áframhaldandi tónlistarstarfs félagsmiðstöðvarinnar í formi stúdíóklúbbs þar sem unglingum gefst tækifæri til að skapa og gefa út eigin tónlist, þróa færni sína og vinna með fagfólki úr tónlistargeiranum. Verkefnið verður unnið í samstarfi við frístundaheimilið Draumaland þar sem styrkurinn er að að einhverju leyti samnýttur.

Aukið samstarf. Með auknu samstarfi við Tjarnarskóla verður unnið að því að styrkja tengsl milli skóla og félagsmiðstöðvarinnar. Reglulegir teymisfundir með starfsfólki skólans og fundir með nemendaráðinu verða nýttir til að bæta upplýsingaflæði og samstarf á milli starfseininganna. Jafnframt verður unnið að því að styrkja 10–12 ára starfið fyrir nemendur Austurbæjarskóla, meðal annars með nýtingu listastyrksins til að skapa fjölbreyttari tækifæri til skapandi starfs. Með þessu er stefnt að því að styrkja fjölbreytt og faglegt starf og sjá til þess að öll börn séu höfð í huga.

Helstu dagsetningar

Ágúst
17. Ágúst: Stjórnendur mæta til starfa
24.ágúst: Starfsdagur starfsfólk
24.ágúst: Skólasetning
25. ágúst: Fyrsta opnun
31.ágúst : Starf í 10-12 hefst

September
9.-10. september - Starfsdagar Samfés
14. – 18. September – Hinsegin Vika MVH
28. September – Sameiginlegur starfsmannafundur félagsmiðstöðva MVH (í 105)

Október
6. Október – Nemendaviðtöl – miðstig – opið f. Foreldraspjall í 105
9. – 11..október: Landsmót Samfés á Reykjanesi
19. – 21. Október – Félagsmiðstöðva og ungmennahúsavikan
22. – 26. Október – Vetrarleyfi

Nóvember
2.nóvember: Sameiginlegur starfsmannafundur félagsmiðstöðva MVH (í Frosta)
5. nóvember: foreldrafundur fyrir foreldra barna í 8. bekk
8.nóvember: Baráttudagur gegn einelti
9., 10. & 11. nóvember: Undanúrslitarkvöld Skrekkur
16. nóvember: Úrslitakvöld Skrekkur
20.nóvember: Rímnaflæði/Dagur mannréttinda barna
Örframmistöðusamtöl

Desember
3. Desember – Jólafundur 100% starfsfólks MVH
Viðhorfskannanir til foreldra, unglinga og börn í gegnum mentor

Janúar
4. Janúar – Starfsdagur félagsmiðstöðva MVH
22. Janúar - Samfés Con – endurmenntun starfsmanna
25. Janúar – Sameiginlegur starfsmannafundur félagsmiðstöðva MVH (í 100&1)

Febrúar
8. – 12. Febrúar - Vika 6
22. Febrúar – Sameiginlegur starfsmannafundur félagsmiðstöðva MVH (í 105)
22. – 23. Febrúar – Vetrarleyfi skólanna
25. Febrúar – Skipulagsfundur forstöðumanna MVH f. Sumarstarf
Skíðaferð - Miðborgar og Hlíða (Feb/Mars)

Mars
5. Mars – Danskeppni Samfés
6. Mars – Stíll: Hönnunarkeppni Samfés
10. Mars – Söngkeppni MVH
22. Mars – Sameiginlegur starfsmannafundur félagsmiðstöðva MVH (Frosti)
22. – 29. Mars – Páskafrí

Starfsþróunarsamtöl

Apríl

1. Apríl – Skráning í söngkeppni Samfés hefst
7.- 8.apríl: Aðalfundur Samfés (Egilsstöðum)
19. – 23. Apríl - Barnamenningarhátíð
26. Apríl – Sameiginlegur starfsmannafundur félagsmiðstöðva MVH (GB)
27. Apríl – Menntastefnumót/Starfsdagur

Maí

7. – 8. Maí – SAMFEST – Samfés ball og söngkeppni Samfés
24. Maí – Sameiginlegur starfsmannafundur félagsmiðstöðva MVH (100&1)
Lokaball

Júní

10. Júní - Skólaslit
11. Júní - Sumarstarf hefst
Útilega unglingastarfs

Júlí

Sumarfrí starfsfólks